

## GJALDSKRÁ

### skipulags- og byggingarmála í Mosfellsbæ vegna leyfisveitinga, umsýslu og þjónustu.

#### 1. gr.

Fyrir útgáfu leyfa, úttektir, vottorð, skjalagerð, yfirlestur gagna, auglýsingar, kynningar og aðra umsýslu og þjónustu sem Mosfellsbær veitir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda, deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum, innheimtir Mosfellsbær í umboði bæjarstjórnar gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Fyrir neðangreindar úttektir og með tilvísun til 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 skal innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
A) Úttekt vegna byggingarstjóranskipta, sbr. 30. gr.	25.000
B) Áfangaúttekt, sbr. 34. gr.	13.400
C) Lokaúttekt, sbr. 36. gr.	
C1) 5 íbúðir eða færri og atvinnuhús undir 2.000 m <sup>2</sup>	25.000
C2) 6-19 íbúðir og atvinnuhús 2.000 – 10.000 m <sup>2</sup>	37.400
C3) Fleiri en 20 íbúðir og atvinnuhús stærra en 10.000 m <sup>2</sup>	49.900
D) Stöðuúttekt, öryggisúttekt, sbr. 35. gr.	25.000
E) Byggingarleyfi/byggingarheimild, sbr. 13. gr., afgreiðslugjald	14.100
F) Byggingarleyfi/byggingarheimild, sbr. 13. gr., gjald/m <sup>3</sup> í húsi	136
G) Stöðuleyfi fyrir gáma og aðra lausamuni skv. gr. 2.6.1. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 til eins árs	63.200
H) Tilkynningarskyldar framkvæmdir, yfirferð og afgreiðslugjald	25.000

#### 3. gr.

Byggingarfulltrúi áætlar fjölda stöðuúttekta skv. D-lið 2. gr. áður en byggingarleyfi er gefið út.

#### 4. gr.

Fyrir yfirferð aðal-, sér- og byggingaruppdráttar auk greinargerða skal innheimta gjöld sem hér segir, sbr. 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010:

	kr.
A) Vegna einbýlishúsa:	
A1) aðaluppdrættir	73.700
A2) séruppdrættir	73.700
B) Vegna par- og raðhúsa, pr. íbúð:	
B1) aðaluppdrættir	42.700
B2) séruppdrættir	42.700
C) Vegna fjölbýlishúsa:	
C1) aðaluppdrættir fyrir fyrstu 5 íbúðirnar, pr. íbúð	19.800
C2) séruppdrættir fyrir fyrstu 5 íbúðirnar, pr. íbúð	19.800
C3) aðaluppdrættir fyrir 6. – 19. íbúð, pr. íbúð	8.600
C4) séruppdrættir fyrir 6. – 19. íbúð, pr. íbúð	8.600
C5) aðaluppdrættir fyrir 20 íbúðir og fleiri, pr. íbúð	5.000
C6) séruppdrættir fyrir 20 íbúðir og fleiri, pr. íbúð	5.000
D) Vegna annars húsnæðis eftir stærð, þ.m.t. atvinnu- og gripahús:	
D1) aðaluppdrættir fyrir húsnæði allt að 2.000 m <sup>2</sup> brúttó	136.500
D2) séruppdrættir fyrir húsnæði allt að 2.000 m <sup>2</sup> brúttó	136.500
D3) aðaluppdrættir fyrir húsnæði milli 2.000 – 10.000 m <sup>2</sup> brúttó	149.500
D4) séruppdrættir fyrir húsnæði milli 2.000 – 10.000 m <sup>2</sup> brúttó	149.500

D5) aðaluppdrættir fyrir húsnæði stærra en 10.000 m <sup>2</sup> brúttó	188.600
D6) séruppdrættir fyrir húsnæði stærra en 10.000 m <sup>2</sup> brúttó	188.600
E) Minni byggingar, s.s. viðbygging, bílgeymsla, anddyri, sólstofa. o.fl., aðal-/séruppdrættir	32.500
F) Breyting á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis, aðal-/séruppdrættir	51.100
G) Breyting á innra skipulagi íbúðarhúsnæðis, útlitsbreyting, svalaskýli, lóð o.fl., aðal-/séruppdrættir	19.700
H) Aðkeypt skoðun og yfirferð á uppdráttum og greinargerðum	skv. samningi/ reikningi

## 5. gr.

Fyrir neðangreind vottorð, skjalagerð og yfirlestur ýmiss konar skal innheimta gjöld sem hér segir, sbr. 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010:

	kr.
A) Lokaúttektarvottorð, sbr. 36. gr.	15.800
B) Fokheldisvottorð, sbr. 55. gr.	15.800
C) Stöðuvottorð, sbr. 55. gr.	15.800
D) Stofnskjalagerð, nýskráning, hver lóð í dreifbýli	45.600
E) Stofnskjalagerð, nýskráning, hver lóð í þéttbýli	26.100
F) Yfirlestur eignaskiptayfirlýsinga, stór	46.100
G) Yfirlestur eignaskiptayfirlýsinga, lítil	23.100
H) Samrunaskjalagerð (hver lóð)	34.800
I) Útsetning húss og lóðar, með tékkmælingu	138.400
J) Útsetning húss og lóðar, einföld útsetning	83.500
K) Nafnabreyting, lands eða lóðar	23.100
L) Skjalagerð/lóðarleigusamningar (hver lóð)	26.100
M) Stofnun lóðar í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands	skv. gjaldskrá HMS
N) Aðkeypt vinna við gerð og breytingar, s.s. lóða og hæðarblöð	skv. samningi/ reikningi
O) Skráning viðbótar fastanúmers eða fjölgun á íbúðum, skv. samningi og samþykkt bæjarráðs Mosfellsbæjar.	

## 6. gr.

Fyrir hverja skoðun/skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á þegar byggðum íbúðum skal innheimta skoðunargjald sem hér segir:

	kr.
A) Skoðunargjald pr. íbúð í fjöleignarhúsi	25.400
B) Skoðunargjald fyrir einbýlis-, par- og raðhús.	37.500

## 7. gr.

Vegna grenndarkynninga skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, framkvæmdaleyfa skv. 13. og 14. gr. og vegna deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum, sbr. 2. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 38. gr. sömu laga, skal innheimta gjöld sem hér segir:

Skipulagsnefnd innheimtir einnig afgreiðslu- og fyrirspurnargjald vegna fyrirtöku nýrra eða enduruppöktu mála:

	kr.
Afgreiðslu- og fyrirspurnargjald skipulagsnefndar	15.800
A) Grenndarkynning:	
A1) Sbr. 44. gr. á kynningu leyfisumsóknar	51.200
B) Fyrir afhendingu grunn- og landupplýsinga fyrir skipulagsvinnu	15.800
C) Vegna breytingar á aðalskipulagi, sbr. 2. mgr. 20. gr. og 36. gr.:	
C1) Gerð tillögu að breytingu	skv. samningi/ reikningi

C2) Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	185.200
C3) Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	108.900
D) Vegna deiliskipulags, sbr. 40. gr. og 43. gr.	
D1) Umsýsla og kynning skipulagslýsingar	85.500
D2) Gerð deiliskipulagstillögu eða breytingar	skv. samningi/ reikningi
D3) Gerð tillögu að einföldum breytingum	134.300
D4) Umsýslu- og kynningarkostnaður vegna nýs deiliskipulags	185.200
D5) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna breytinga skv. 1. mgr. 43. gr.	142.400
D6) Umsýslu og kynningarkostnaður vegna breytinga skv. 2. mgr. 43. gr.	85.600
D7) Fyrir afgreiðslu tillögu, sbr. 3. mgr. 44. gr. og 3. mgr. 43. gr.	30.700
E) Vegna framkvæmdaleyfa:	
E1) Leyfisgjald vegna framkvæmdaleyfis skv. 14. gr.	127.000
E2) Leyfisgjald vegna annarra framkvæmdaleyfa	85.600
E3) Eftirlit umfram eina ferð sem er innifalin í E1 og E2; pr. ferð	30.700

## 8. gr.

Vegna beiðni um yfirborðs og umhverfisbreytinga þar sem vikið er frá auglýstu deiliskipulagi, skal kostnaðarþátttaka umsækjanda samsvara framkvæmdakostnaði sem hér segir:

	kr.
A) Sögun malbik/steypa (fyrir hvern metra)	2.700
B) Endurnýjun steyptrar stéttar 10 cm (fyrir hvern fermetra)	12.000
C) Steypt stétt fjarlægð og endursteypt 15 cm (fyrir hvern fermetra)	19.900
D) Malbikun götu (fyrir hvern fermetra)	12.000
E) Kantur endursteyptur (fyrir hvern metra)	10.700
F) Færsla á ljósastaur (fyrir hvern staur)	232.200
G) Færsla á rafmagnskassa (fyrir hvern kassa)	437.600

Innheimtur verður sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni kostnaður vegna hönnunar gatna, gerðar mæli-, lóðar- og hæðarblaða auk aðkeyptrar vinnu og efniskostnaðar við breytingu á lögnum og götusniði.

## 9. gr.

Tímagjald starfsmanns á umhverfissviði vegna annarra/frekari verka	kr. 15.800
--	------------

## 10. gr.

Mosfellsbær mun annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari skv. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## 11. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2., 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar er áður en byggingarleyfi er útgefið, sbr. ákvæði 53. gr. laga um mannvirki.

Gjalddagi gjalda skv. 7. gr. gjaldskrárinnar er sem hér segir:

A) Samkvæmt lið A:	Fyrir kynningu.
B) Samkvæmt lið B:	Eftir afhendingu gagna.
C) Samkvæmt lið C:	Við samþykktir og afgreiðslur.
D) Samkvæmt lið D:	Við samþykktir og afgreiðslur.
E) Samkvæmt lið E:	Við útgáfu leyfis.

## 12. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmda á gildistíma byggingarleyfis.

13. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

14. gr.

Gjöld innheimt samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar við einstaka verkþætti gjaldskrárinnar.

15. gr.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, var samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar á 817. fundi þann 7. desember 2022 með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1727/2021.

*Mosfellsbæ, 8. desember 2022.*

**Regína Ásvaldsdóttir** bæjarstjóri.